

Reglur um styrki til náms.

Veittur er 120.000.- kr. námsstyrkur, á ársgrundvelli, til þeirra er leggja stund á staðbundið nám eða fjarnám í eftirfarandi greinum:

- a) Grunnskólakennaranám
- b) Leikskólakennaranám
- c) Íþróttakennaranám
- d) Tónlistarkennaranám

Skilyrði fyrir námsstyrk í staðbundnu námi er að viðkomandi þarf að skuldbinda sig til að vinna hjá Fjarðabyggð í eitt ár fyrir hvert námsár sem viðkomandi fær styrk. Nemendur í fjarnámi, og sem starfa hjá Fjarðabyggð, skuldbinda sig til að vinna í hálfu ári hjá Fjarðabyggð fyrir hvert námsár sem viðkomandi fær styrk.

Starfsmaður í fjarnámi heldur launum, í fjarveru vegna náms, í allt að sex vikur á skólaári.

Fái styrkþegi ekki starf í þeim skóla er hann kys helst að starfa í, stendur honum til boða starf í öðrum skólum sveitarfélagsins þar sem þörf er á réttindakennurum. Vilji viðkomandi ekki starfa við aðra skóla sveitarfélagsins skal hann endurgreiða styrkinn

Komi námsmaður ekki til starfa hjá Fjarðabyggð að loknu námi, eða ljúki hann ekki námi, skal hann endurgreiða veittan styrk með vöxtum og verðbótum.

Fræðslunefnd mun taka afstöðu til hvernar styrkumsóknar fyrir sig og áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Nefndin mun einnig taka afstöðu til styrkumsókna vegna annarskonar náms, sem dæmi diplómanáms, námsráðgjafanáms, náms til kennsluréttinda, o.fl.

Samþykkt upphaflega í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 20.9.2001
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri